

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

- a) Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil kr. 565.
 - b) Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 1.349.
 - c) Vatnsgjald pr.rúmm. kr. 56,61
- Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns í Sparisjóði Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, eða öðrum greiðslustöðvum giróseðla. Reikninga skal gefa út á miðju notkunartímabili, gjalddagi reikninga er útgáfudagur.

Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimædargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

- | | | |
|----|------------------------------------|---------|
| A) | | kr. |
| 1. | Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli | 109.512 |
| 2. | a. Hús 300-2.000 rúmm. að utanmáli | 109.512 |

b. Fyrir hvern rúmm. umfram 300	101
3. a. Hús stærri en 2.000 rúmm. að utanmáli	272.976
b. Fyrir hvern rúmm. umfram 2.000	84
4. Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er	21.263

B) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmum og því um líku, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 rúmm. húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. 4. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.780 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 585, 1. júlí 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 1. febrúar 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.